

## Hjá höfðingja þessa heims.

### MANSÖNGUR

Vil eg yður velkominn !

Veit eg síðinn, herra minn :

Opna hliðis flotinn.

Aðangs-miðinn ? Stígið inn !

### Ríma.

Já, víst er hann kvongaður, húsbóndinn hér,  
Og húsfreyja á karl þar í drögu.  
Og giftingar-leyfið hans á eg. Það er,  
Til umvitna, í gamalli sögu.

Eg skýst yfir svip hans. Um skrök ferð' í brigsl  
í skinnklæðum öðrum ef sér hann.  
Er Blámaður, Hindúi og Breti á víxl—  
En brakún, í hvað sem að fer hann.

Hann eitt sinn, sem hinir, í hjónaband gekk.  
En hæpið þær sakirnar stóðu,  
Hjá kunningja sínum hann, fullreyndum, fókk  
Þá frægustu nöldrunar-skjóðu